

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 434/1996.

Ákærvaldið

(Björn Ól. Hallgrímsson, settur saksóknari)
gegn

Kristjáni Jóhanni Stefánssyni

(Sigurbjörn Magnússon hrl.) **og**

Tryggva Knud Óskarssyni

(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

Ávana- og fíkniefni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærðu með áfrýjunarstefnum 29. nóvember og 6. desember 1996, og krefst ákærvaldið staðfestingar héraðsdóms. Ákærði Kristján Jóhann krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði milduð. Ákærði Tryggvi Knud krefst þess, að refsing verði milduð. Í héraði var mál þetta höfðað gegn þremur einstaklingum til viðbótar, en þeir hafa ákveðið að una héraðsdómi.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir atvikum málsins og framburði ákærðu og vitna.

Staðfesta ber héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans um sakfellingu ákærða Kristjáns Jóhanns. Verknaður hans verður hins vegar ekki talinn sala fíkniefna, svo sem í ákæru greinir, heldur kaup fyrir aðra ákærðu og afhending til þeirra. Ákvæði 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykir ekki standa því í vegi, að sakfellt sé fyrir þennan verknað þrátt fyrir orðalag ákæru.

Ákærði Tryggvi Knud hefur áfrýjað máli þessu til endurskoðunar á heimfærslu brots til refsíákvæða og á ákvörðun um refsingu. Hann átti hlut að kaupum á 250 töflum, sem innihéldu efnið MDMA að venjulegum styrkleika. Hann tók þátt í að flytja þær inn og hafði hluta þeirra í vörslum sínum í því skyni að koma þeim í dreifingu, enda þótt minna yrði úr sölu en hann ætlaði. Með tilliti til þessa og fjölda taflanna og eiginleika þeirra, sem raktir eru í héraðsdómi,

þykir brot hans réttilega heimfært til 2. mgr. 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974. Ákærði Kristján Jóhann keypti og afhenti fíkniefni. Hann mátti gera sér grein fyrir, að þau voru ætluð til dreifingar, og verður því brot hans einnig heimfært til 2. mgr. 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber refsingu ákærða Tryggva Knuds með vísun til forsendna héraðsdóms. Refsing ákærða Kristjáns Jóhanns verður, eins og þátttöku hans í heildarverknáðinum var háttað, ákveðin 18 mánaða fangelsi.

Ákærðu skulu greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og nánar er ákveðið í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður, að því er varðar ákærða Tryggva Knud Óskarsson.

Ákærði Kristján Jóhann Stefánsson skal sæta 18 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku efnis og sakarkostnað eiga að vera öröskuð.

Ákærðu greiði óskipt áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

Ákærði Tryggvi Knud Óskarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Þórs Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Ákærði Kristján Jóhann Stefánsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurbjörns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. nóvember 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 7. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-380/1996: Ákærvaldið gegn G, B, K, Tryggva Knud Óskarssyni og Kristjáni Jóhanni Stefánssyni, en málið var dómtekið 17. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 16. apríl 1996, á hendir:

„I. G ...,

2. B ...,
 3. K ...,
 4. Tryggva Knud Óskarssyni, Bólstaðarhlíð 62, Reykjavík, kennitala 151070-5909, og
 5. Kristjáni Jóhanni Stefánssyni, Bæjarhrauni 24, Hafnarfirði, kennitala 220872-3519,
- fyrir eftirgreind brot gegn löggjöf um ávana- og fíkniefni, framin árið 1995:

II. Ákærði Kristján Jóhann.

Hinn 22. júní í London selt meðákærðu K og Tryggva 250–300 töflur af vímuefninu MDMA á um 1000 kr. hverja töflu eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í sterlingspundum, sbr. lið III.

III. Ákærðu K og Tryggvi.

Í síðari hluta júlí í félagi flutt hingað til lands frá London vímuefnið MDMA og jafnframt í sama skipti gert tilraun til innflutnings á því efni, svo sem hér greinir:

Keypt efni í töfluformi af meðákærða Kristjáni Jóhanni í London, sbr. lið II, samtals um 500 töflur fyrir 570.000 kr. Töflurnar voru af tveimur gerðum, minni og stærri gerð, álfka mikið af hvorri gerð, og töldu ákærðu þær allar innihalda MDMA. Í hagnaðarskyni flutt töflurnar hingað til lands 23. júlí og fljótlega hafið sölu þeirra, en hagnaði af sölunni hugðust ákærðu skipta með sér að jöfnu. Selt meðákærða G verulegan hluta taflnanna, sbr. I. B, þar af nær allar minni töflurnar, samtals um 350 töflur af báðum gerðum fyrir 2000–2800 kr. hverja töflu. Við handtöku ákærða K 21. október átti hann eftir í vörslum sínum samtals 66 töflur, þar af 5 af minni gerðinni, og við handtöku ákærða Tryggva 6. ágúst hafði hann í fórum sínum samtals 19 töflur, þar af 8 af minni gerðinni. Við efnagreiningu taflnanna kom í ljós, að minni töflurnar voru MDMA-töflur, en þær stærri innihéldu lyfin ketafín og efedrín.

IV. Refsiákvæði og dómkröfur.

Framangreind brot ákærðu teljast varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. 20. gr. hegningarlaga, að því er varðar meðferð ákærðu K, Tryggva og G á ketamíni/efedríni, sbr. lið I. B og III, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. hegningarlaga, að því er varðar brot ákærða Kristjáns Jóhanns í II. lið.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og ákærði G að auki til að sæta upptöku á samtals 81.000 kr., sem hann aflaði með framangreindri sölu efna. Þess er enn fremur krafist, að upptækar verði gerðar

samtals 13 töflur af MDMA og samtals 90 töflur af ketamíni/efedríni, sem lagt var hald á, sbr. lið I. B og II, og auk þess 1,4 g af marihuana, sem fannst í vörslum ákærða B við hútleit 20. október 1995 að Laugavegi 87 í Reykjavík. Um upptökukröfu er vísað til 6. og 7. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, 4. mgr. 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1995, 2. mgr. 68. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963 og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennta hegningarlaga.“

Samkvæmt skýrslum lögreglu má rekja upphaf rannsóknar máls þessa til þess, er þrír menn voru handteknir hér í borg að kvöldi 20. október 1995. Í skýrslu lögreglu segir, að við leit í bifreið þeirra hafi fundist 4 ætlaðar „ecstasy“-töflur. Einn hinna handteknu kvaðst skömmu fyrir handtöku hafa keypt 4 töflur af ecstasy af ákærða G. Ákærði G var handtekinn skömmu síðar og úrskurdaður í gæsluvarðhald daginn eftir.

Eftir þetta voru teknar skýrslur af ákærðu og fleirum hjá lögreglu. Verður framburður þeirra hjá lögreglu rakinn hér, eftir því sem ástæða þykir.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna fyrir dómnum.

II.

Ákærði Kristján Jóhann kom fyrir dóm 29. apríl, 13. maí og 17. okt. sl. Hann neitar sök. Ákærði kvaðst þekkja meðákærða Tryggva Knud lítillaga, en ekki þekkja neitt til meðákærða K. Ákærði kvaðst hafa hitt báða þessa meðákærðu í London á þeim tíma, er í ákæru greinir, en samskipti þeirra hafi ekki snúist um fíkniefnaviðskipti. Ákærði kvaðst hafa hitt þessa tvo meðákærðu hér á landi í afmæli systur sinnar í júlí fyrir brottför þeirra til London. Ákærði kvað sig minna, að meðákærði Tryggvi hefði rætt um það, að sig langaði til London og neyta þar einhverra fíkniefna, og að því er ákærða minnti, hefði hann rætt um kókaín. Ákærði mundi, að meðákærðu Tryggvi og K hefðu rætt, að þeim þætti ecstasy-töflur dýrar hér á landi, og spurt ákærða um verð á efninu í London. Ákærði kvaðst hafa greint þeim frá því, hvað taflan kostaði að jafnaði í London, og kvaðst ákærði hafa heyrt af verði efnis ytra.

III.

Ákærði K kom fyrir dóm 29. apríl, 13. maí og 17. okt. sl. Hann kvað háttsemi sinni rétt lýst í ákæru. Ákærði kvað þá ákærðu Tryggva hafa rætt það í júlí 1995 að fara til London og kaupa þar fíkniefni. Meðákærði Tryggvi hefði greint frá því, að hann þekkti mann ytra, sem gæti útvegað efnið, og

sá aðili væri meðákærði Kristján Jóhann. Hafi síðan verið ákveðið í lok júlí að halda utan. Ákærði kvaðst hafa verið reiðubúinn að lána peninga vegna fararinnar gegn því, að meðákærði Tryggvi Knud útvegaði sölumann ytra. Í fyrstu hefðu þeir ætlað að kaupa 300 töflur af ecstasy, en síðan hefðu verið keyptar 500 töflur og fluttar hingað til lands í ágóðaskyni og ákærði selt efnið hérlendis, eins og í ákæru greinir, og hefði vakað fyrir ákærðu að skipta hagnaðinum af sölnunni með sér að jöfnu. Um hefði verið að ræða helmingafélag ákærðu, en verkaskipting verið sú, sem rakin var, og meðákærði Tryggvi ætlað að annast sölu efnisins hér á landi.

Ákærði K kvað meðákærða Tryggva hafa hringt til meðákærða Kristjáns Jóhanns, strax og þeir komu til London, og þeir mælt sér mót daginn eftir. Þeir hefðu bedið meðákærða Kristján Jóhann um E-töflur. Kvöldið eftir hefði meðákærði Kristján Jóhann komið á hótelið, þar sem ákærðu dvöldust, og haft meðferðis efnið, báðar tegundirnar, og honum verið afhentir peningar og þeir ákærðu tekið við töflunum. Meðákærði Kristján Jóhann hefði greint frá því, að minni töflurnar væru ecstasy, en þær töflur voru merktar með dúfu, en stærri töflurnar væru nýjar og ekki komið á þær nafn, en þær innihéldu ketamín, sem væri svæfingarlyf. Ákærði kvaðst þannig hafa vitað frá upphafi, að helmingur taflnanna innihéldi ketamín, en ákærði kvaðst ekki hafa vitað, að helmingur taflnanna innihéldi MDMA. Ákærðu hefðu prófað fíkniefnin ytra og komið í ljós mikill munur á áhrifunum og sölumadurinn greint frá því, að efnin væru ólík. Ákærðu hefðu hins vegar ákveðið að festa kaup á efnunum, sama töflufjölda af hvorri tegund um sig. Allir þrír hefðu verið viðstaddir, er kaupin fóru fram, og kaupin verið gerð með það í huga, að keyptar hefðu verið E-töflur, og ákærði ávallt talið efnin ólögleg.

Ákærði kvaðst hafa talið, að meðákærði Kristján Jóhann hefði verið meðalgöngumaður. Hann hefði ekki verið eigandi efnisins, og kvaðst ákærði hafa talið þetta, þar sem meðákærði Kristján Jóhann hefði þurft að rádfæra sig við einhvern um það, hve mikið efnismagn hann gæti útvegað. Ákærði K kvað meðákærða Kristján Jóhann hafa haft orð á því, að í stærri töflunum væri ketamín og hann viljað selja ákærðu það efni frekar en minni töflurnar. Ákærðu hefðu síðan ákveðið að kaupa jafnmikið af hvorri tegund um sig og meðákærði Tryggvi talið töflurnar og minni töflurnar reynst vera 252, að því er ákærða minnti, en meðákærði Kristján Jóhann hefði haft orð á því, að þeir hefðu fengið eitthvað í kaupbæti.

Ákærði kvaðst ekki þekkja til þessara efna, þannig, að hann vissi innihald taflnanna, en kvað ásetninginn hafa verið þann að kaupa ecstasy. Meðákærði Kristján Jóhann hefði greint ákærðu frá því ytra, að töflurnar innihéldu ketamín, svo sem rakið var.

Eftir heimkomuna hefði ákærði Tryggvi verið handtekinn og með fíkniefni í sínum fótum, og hefði þá verið ákveðið, að ákærði geymdi efnið hjá sér. Síðan hefðu þeir ákærði Tryggvi rætt, hvernig þeir gætu losnað við efnid, og orðið úr, að ákærði ræddi við meðákærða G, sem hefði tekið að sér sölu efnisins. En ákærði kvað meðákærða Tryggva hafa fallist á þetta. Síðan hefði ákærði afhent meðákærða G töflur í þrjú til fjögur skipti, og hefði hann greitt eftir á, og taldi ákærði, að G hefði fengið til sölu alls um 250 til 270 töflur, þar af 180 til 200 töflur af minni gerðinni, en stærri töflurnar gengið illa í sölu. Fyrir minni töflurnar hefði meðákærði G greitt 2.800 kr., en 2.000 kr. fyrir hinar stærri. Ákærði hefði fengið afhentar frá meðákærða G um 750.000 krónur sem söluandvirði fíkniefnanna.

Ákærði Tryggvi Knud Óskarsson kom fyrir dóm 29. apríl, 13. maí og 17. okt. sl.

Hann kvað ákærðuna rétta. Ákærði Tryggvi kvað þá meðákærða K hafa einni til tveimur vikum fyrir utanförina ákveðið að halda utan í því skyni að kaupa ecstasy-töflur og flytja hingað til lands. Á þessum tíma hefði umræða um þessi efni ekki verið farin af stað, eins og síðar varð, og þá komið í ljós, hvað efnið nákvæmlega hét. Ákærði Tryggvi kvað ákærðu hafa komið til London á fimmtudegi, og hefðu þeir komið sér fyrir á hóteli. Á föstudeginum hefði meðákærði Kristján Jóhann komið til ákærðu á hótelið og sýnt ákærðu skemmtistaðinn, þar sem þeir hefðu ætlað að hitta sölumenn fíkniefnanna á laugardeginum. Ákærði kvað meðákærða Kristján Jóhann hafa afhent sér tvær ecstasy-töflur, en ákærði kvaðst hafa beðið meðákærða Kristján sérstaklega að útvega sér töflurnar.

Ákærði kvað verkaskiptingu með ákærðu hafa verið þá, að ákærði hafði samband við mann hér á landi, sem síðan hafði samband við útlending ytra, sem útvegaði efnið. Þessi útlendingur hefði komið á hótélherbergi ákærðu ytra og afhent efnið og meðákærði K greitt honum fyrir. Ákærði kvaðst ekki nafngreina manninn, sem var milliliður hér á landi. Efnið, sem ákærðu fengu afhent, hefði verið tvær gerðir, annars vegar töflur, sem ákærða skildist seinna, að hefðu innihaldið MDMA, minni töflurnar, og hins vegar stærri töflur, sem hefðu innihaldið ketamín/efedrín. Ákærði kvað áhrif af töku efnanna ólík. Ákærði kvaðst hafa talið efnið hafa verið ecstasy og ekki hafa verið innihald taflnanna ljóst, þótt hann hefði heyrt eitthvað um það, að töflurnar hefðu innihaldið ketamín. Töflurnar hefðu verið 500.

Ákærði hefði flutt fíkniefnin til landsins og fyrir fram verið ákveðið, að meðákærði K annaðist fjármálin vegna þessa, en ákærði sæi um sölu. Það hefði hins vegar breyst, eftir að ákærði var handtekinn um verslunarmannahelgina 1995, en ákærði kvaðst hafa fengið 50 töflur eftir heimkomuna og

selt þar af 8 til 10 töflur. Eftir handtöku ákærða um verslunarmannahelgina hefði hann hætt afskiptum af sölunni og ekki vitað, hvernig meðákærði K ráðstafaði efninu. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað, að meðákærði G hefði selt af efninu.

Framburður ákærða Tryggva Knuds er nokkuð breyttur fyrir dóminum frá framburði hans hjá lögreglu. Verður framburður hans hjá lögreglu nú rakinn að nokkru og jafnframt getið skýringa ákærða á breyttum framburði.

Ákærði Tryggvi Knud var handtekinn 22. október 1995. Í lögregluskýrslu, sem dags. er sama dag, lýsti hann undirbúningi og utanför þeirra meðákærða K til London í því skyni að kaupa þar ecstasy og flytja hingað til lands í hagnaðarskyni. Þá segir í skýrslunni, að eftir komu til London hafi ákærði haft samband við Íslending, sem þeir höfðu hitt hér heima, er málið hefði verið á umræðustigi, og hefði sá sagst geta haft meðalgöngu um kaup á ecstasy. Þessi Íslendingur hefði verið búsettur í London. Daginn eftir að ákærðu komu, á föstudegi, hefði Íslendingurinn komið á hótelið með tvær til þrjár töflur af ecstasy. Þetta hefðu verið stórar, hvítar töflur með rák í til að brjóta þær eftir. Ákærðu hefðu tekið hvor sína töflu þetta kvöld til að prófa áhrifin. Daginn eftir, á laugardeginum, kvaðst ákærði síðan hafa haft samband við Íslendinginn og sagt honum, að ákærði væri ánægður með vöruna og að þeir vildu eiga viðskipti. Það hefði svo verið um kvöldmatarleytið, að Breti kom á hótelið með 510 til 520 töflur handa ákærðu. Hann hefði verið þunnhærður, með há kollvik, snöggklipptur, um 25 ára gamall og kallaður Nick. Nick hefði komið með töflurnar í tveimur litlum, glærum plastpokum, sem hann var með innanklæða. Í öðrum pokanum voru litlar töflur, ljósar, með mynd af dúfu, um 300 að tölu. Í hinum pokanum voru sams konar töflur og ákærðu hefðu fengið til reynslu föstudagskvöldið. Þær hefðu verið 215 til 220 að tölu. Lýsti ákærði, hvernig töflunum var skipt, þannig, að 30 töflur af smærri gerð hefðu verið settar í filmubox, tíu box með 30 töflur í hverju, en 20 töflur af stærri gerðinni hefðu verið settar í filmubox og boxin verið tíu eða ellefu.

Þá var tekin lögregluskýrsla af ákærða 26. október 1995. Í þeirri skýrslu kveðst ákærði vilja leiðrétta framburð sinn um fíkniefnamisferli það, sem hann sé grunaður um. Hefði framburður sinn frá 22. október 1995 verið réttur að öllu leyti nema því, hver hefði verið meðalgöngumaður um fíkniefnaviðskipti þeirra meðákærða K í London í júlí 1995. Í skýrslunni ber ákærði Tryggvi, að hann hafi haft tal af systur meðákærða Kristjáns Jóhanns, skömmu áður en ákærðu héldu til London í júlí. Hún hafi gefið ákærðu símanúmerið hjá meðákærða Kristjáni Jóhanni í London, en fyrir

ákærða hafi vakað að fá meðákærða Kristján Jóhann til þess að athuga, hvort hægt væri að fá ecstasy í London. Ákærði kveðst hafa hringt til meðákærða Kristjáns Jóhanns og kveðst telja, að símtalið hafi farið fram u. þ. b. tveimur vikum áður en ákærðu héldu til London. Hann segist hafa beðið meðákærða Kristján Jóhann að athuga fyrir sig, hvort mögulegt væri, að þeir meðákærði K keyptu ecstasy-töflur fyrir 500.000 krónur í London. Síðan segir í skýrslunni:

„Tryggvi segist hafa hringt í Kristján Jóhann u. þ. b. viku áður en þeir K héldu til London. Sagði Kristján Jóhann honum þá frá því, að hann væri búinn að athuga þetta fyrir hann og að þeir gætu fengið ecstasy-töflur fyrir framangreinda fjárhæð og kaupverð á hverri töflu væri á bilinu 800–1.000 kr.

Tryggvi kveðst hafa látið K vita um samtöl sín við Kristján Jóhann. Kveðst hann hafa farið til London ásamt K, að því er hann minnir, fimmtudaginn 18. júlí sl. og síðan upp á hótél St. Giles með neðanjarðarlest. Hann segist hafa hringt til Kristjáns Jóhanns frá Heathrow-flugvelli eða hótelinu og sagt honum, að þeir væru komnir og á hvaða hóteli þeir væru. Kveðst hann hafa hringt úr GSM-síma sínum, 893 7371. Hafi þeir síðan rölt í kringum hótelið, eftir að þeir voru búnir að „tækka sig inn“, en síðan farið að sofa.

Næst segist Tryggvi hafa hringt til Kristjáns Jóhanns frá símaklefa upp úr hádegi föstudaginn 19. júlí og spurt hann að því, hvernig ecstasy-málin stæðu. Hefði Kristján Jóhann sagt sér um sömu möguleika að ræða og myndi hitta þá á hótelinu um kvöldið. Um kvöldið kom Kristján Jóhann svo upp á herbergi til þeirra. Var hann með frá væntanlegum seljanda tvær ecstasy-töflur, sem þeir mættu fá til reynslu. Hafi þeir K prófað hvor sína töflu uppi á hótélherbergi. Hann bætir því við, að K hafi tekið mynd af sér í tiltekið skipti. Kristján Jóhann fór síðan í burtu, en þeir tveir héldu út að borða. Segist hann þá hafa orðið veikur af matnum, en þó fylgt K á Ministry of Sound, en farið síðan heim á hótél að sofa úr sér krankleikann.

Laugardaginn 20. júlí hittu þeir síðan Kristján Jóhann á hótelinu á milli kl. 18.00 og 19.00 um kvöldið. Kom Kristján Jóhann með tvo glæra plastpoka (nestispoka), fulla af ecstasy-töflum. Sagði hann töflurnar vera í kringum 500 talsins. Hafi K síðan greitt Kristjáni Jóhanni fyrir efnin í breskum pundum, andvirði rúmra 500.000 króna íslenskra. Hann segir Kristján Jóhann hafa staldrað við á hótélherberginu kringum 10–15 mínútur, en síðan farið burt með peningana til að greiða seljanda ecstasy-taflnanna.

Þessu næst segir Tryggvi þá hafa farið með Kristjáni Jóhanni út að borða

um kl. 23.00 um kvöldið, en eftir það hefðu leiðir þeirra skilið. Síðan hefðu þeir flutt fíkniefnin til landsins, eins og hann hafi greint frá í skýrslu sinni, er hann gaf hjá lögreglu 22. október sl.

Tryggvi vill taka þáð skýrt fram, að Kristján Jóhann hafi verið meðal-göngumaður um fíkniefnaviðskipti þeirra í London og að hann hafi ekki fengið neitt í sinn hlut vegna þessara viðskipta.“

Hinn 1. nóvember 1995 voru ákærðu Tryggvi Knud og Kristján Jóhann samprófaðir hjá lögreglu, og hélt ákærði Tryggvi Knud þá við framburð sinn, sem rakinn hefur verið, og kvað hann þann framburð réttan um fíkniefnakaupin og þátt meðákærða Kristjáns Jóhanns.

Þá var tekin skýrsla af ákærða Tryggva Knud 13. mars sl. Kvaðst hann þá ekki hafa neinu við fyrri framburð að bæta.

Fyrir dóminum kvaðst ákærði hafa breytt fyrri skýrslu sinni vegna þess, að sér hefði skilist á lögmanni, sem hann ráðfærði sig við símleiðis fyrir skýrslutökuna 26. október 1995, að meðákærði K hefði nefnt meðákærða Kristján Jóhann sem solumann fíkniefnanna ytra. Ákærði kvaðst því hafa nefnt nafn meðákærða Kristjáns Jóhanns og gert það til að losna við gæsluvarðhald, og einnig hafi rannsóknaraðilar engan áhuga haft á Englendingnum, sem þeir hafi ekki getað náð til. Yfirheyrslan 26. október 1995 hafi því einungis verið yfirheyrsla um það, að ákærði væri laus allra mála.

Svo sem rakið var, hélt ákærði við fyrri framburð sinn í samprófun og einnig, er hann gaf skýrslu 13. mars sl., og gerði ekki athugasemdir, er hann kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 29. apríl sl. Spurður um það, hvort ekki hafi hvarflað að ákærða að leiðréttu framburð sinn fyrr, bar ákærði, að hann hefði hugsað mikið um þetta og haft mikið samviskubit, en ekki verið búinn að ráðfæra sig nóg við lögfræðing vegna þessa. Ákærði kvað alvöru málsins hafa ráðið því, að hann breytti framburði sínum fyrir dóminum.

Vitnið Kristján Ingi Kristjánsson lögreglufulltrúi kom fyrir dóminn 13. maí sl. Hann staðfesti, að hann hefði tekið skýrsluna af ákærða Tryggva Knud 26. október 1995. Tilefnið hefði verið framburður meðákærða K um þátt ákærða Kristjáns Jóhanns. Engum þrýstingi hefði verið beitt við skýrslutökuna og ekkert óvanalegt komið fyrir. Hafi ákærði greint frá því sjálfstætt, hver hlutur ákærða Kristjáns Jóhanns hafi verið.

Vitnið Kristján Ingi kvað efnin, sem lagt var hald á undir rannsókn málsins, hafa verið greind óljóst og aldrei annað verið fullyrt en þau væru annað en MDMA. Vitnið kvað ekki hafa verið talda ástæðu til neinna viðbragða þrátt fyrir ummælin í efnaskrá nr. 4358, sem er dags. 23. október 1995, en þar segir, svo sem rakið var, að efnin hafi verið talin ketamín og fenmetrazín. Ástæðan hafi verið sú, að ákærðu hafi ávallt greint frá því, að efnin væru ecstasy.

Vitnið Friðgerður Jónsdóttir lögreglumaður kom fyrir dóminn 14. október sl. Hún staðfestir að hafa verið vottur, er Kristján Ingi Kristjánsson lögreglufulltrúi tók skýrslu af ákærða Tryggva Knud 26. okt. 1995, svo sem rakið var að framan. Ákærða Tryggva Knud hafi ekkert verið gefið í skyn fyrir skýrslutökuna. Hann hafi sjálfur viljað breyta framburði sínum.

Auk þeirra vitna, sem getið hefur verið um hér að framan, komu eftirtalin vitni fyrir dóminn: Jakob Línadal Kristinsson lyfjafræðingur, Eggert Skúlason, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Einar Ásbjörnsson lögreglumaður, Lárus Kjartansson rannsóknarlögreglumaður, Ragnar Benediktsson, deildarstjóri hjá Pósti og síma, Sólberg Svanur Bjarnason lögreglumaður og Fjóla Hafðís Kristjánsdóttir, starfsmaður á sjúkrahúsi. Ekki þykir ástæða til að rekja vitnisburð þessa fólks utan vísað er til vitnisburðar Jakobs Línadals Kristinssonar síðar.

Niðurstöður.

I. A.

Ákærðu hafa báðir borið um þann tilgang utanfarar sinnar í byrjun mars 1995 að kaupa ecstasy í London og flytja hingað til lands í hagnaðarskyni. Báðir ákærðu lýstu fíkniefnaneyslu sinni og reynslu af neyslu ecstasy og því, að þeir hefðu gert sér grein fyrir því ytra, að efnið, sem þeir keyptu, hefði ekki innihaldið MDMA; þetta hefðu ákærðu ráðið af áhrifum af neyslu efnisins ytra.

Ákærði G lýsti fyrir dóminum áhrifum af neyslu annars vegar þeirra efna, sem ákærði festi kaup á ytra og reyndust innihalda ketamín og efedrín, og hins vegar áhrifum af neyslu efnisins MDMA.

Vitnið Þorkell Jóhannesson prófessor bar fyrir dóminum 14. október sl., að greinilegur munur væri að öllum líkindum á verkunum annars vegar efnisins MDMA og hins vegar taflna, sem innihéldu lyfin ketamín og efedrín, og lýsing ákærða G á áhrifunum gæti vel verið rétt.

Ákærði B bar, að hann hefði greint rannsóknaraðilum frá því, að efnið, sem ákærðu fluttu til landsins, hefði verið ketamín. Þessi framburður sinn hefði ekki verið færður til bókar við skýrslutöku og ákærði ekki hirt um það, enda hefði hann talið háttsemi sína ólöglega, þrátt fyrir það að efnið hefði ekki innihaldið MDMA.

Vitnið Björn Halldórsson lögreglufulltrúi kvaðst ekki geta aftekið, að ákærði hefði minnst á, að jarðarberja-ecstasyið innihéldi ketamín, en taldi það ólíklegt.

Ráða má af gögnum málsins, að svokallað jarðarberja-ecstasy er sams konar efni og ákærðu fluttu með sér til landsins og ákært er út af í þessum ákærulið, sbr. síðar.

Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en einungis á einum stað í rannsóknargögnum sé vikið að efninu ketamíni, þ. e. á efnaskrá nr. 4357, sem Hákon Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður ritaði og vikið var að hér að framan.

Í lögregluskýrslum, teknum af ákærðu G og B, bera þeir um kaup og meðhöndlun á efninu ecstasy, þá er fjallað um efnið, sem í þessum ákærulið greinir, og er því þá lýst nánar sem jarðarberja-ecstasy.

Dómarinn telur sannað með framburði ákærðu, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að töflurnar, sem ákærðu fluttu til landsins, hafi verið sams konar og hluti taflna, sem ákærðu K og Tryggvi Knud fluttu til landsins, sbr. síðar í ákærulið III. Lagt var hald á hluta þeirra efna, og í niðurstöðum Rannsóknastofu í lyfjafræði, sem dags. eru 8. desember 1995, segir, að töflurnar hafi innihaldið efedrín og ketamín að mestu í formi klórfíðs. Magn efedrínklórfíðs hafi verið 109 mg í hverri töflu og magn ketamínklórfíðs 145 mg, en hver tafla hafi vegið 600 mg. Ákærðu keyptu því og fluttu til landsins og seldu efni, sem innihélt ketamín og efedrín.

Með játningu ákærðu og öðrum gögnum telur dómurinn sannað, að verknaðarlýsingin í ákæru sé rétt, utan ekki er sannað, að ásetningur ákærðu hafi staðið til þess að flytja til landsins vímuefnið MDMA, eins og segir í bókun ákæruvaldsins vegna breytinga á þessum ákærulið í tilrauna-verknað.

Verða nú raktar ástæður þessa álits dómsins.

Í bókun ákæruvaldsins á dóm skjali nr. 13 segir, að þessi ákæruliður sé reistur á framburði ákærðu og töflurnar taldar innihalda MDMA. Svo virðist sem ákærðu hafi aldrei borið um fíkniefnið MDMA í yfirheyrslum hjá lögreglu, og virðast þeir, að því er ráðið verður af gögnum málsins, aldrei hafa verið spurðir um það efni. Ákærðu voru hins vegar yfirheyrðir ýtarlega um ecstasy. Ákærðu hafa sennilega ekki talið þetta skipta máli, háttsemin væri jafnólögmæt, hvert sem efnið væri, sbr. t. d. framburð ákærða B um þetta. Svo virðist sem rannsóknaraðilum hafi annaðhvort yfirsétt það álit Hákonar Sigurjónssonar rannsóknarlögreglumanns eftir rannsókn á fíkniefnum í efnaskrá nr. 4357, að hluti efnanna, sem þar greinir, var talinn innihalda ketamín, en það voru einmitt töflur sams konar þeim, sem ákærðu fluttu til landsins, eða að rannsóknaraðilar hafi ekki talið það skipta máli, þar sem þeir hafi ekki á þessum tíma gert sér grein fyrir því, að efnin ketamín og efedrín eru ekki meðal efna, sem bönnuð er meðhöndlun á skv. lögum um ávana- og fíkniefni eða reglugerðum um sömu efni. Framburður vitna styður þetta álit dómsins. Heitið ecstasy hefur enga lagalega þýðingu eitt og sér og er hvergi skilgreint í lögum. Hið sama á við um heitið

E-tafla og/eða alsælu. Hins vegar hefur verið talið, eins og vitnið Þorkell Jóhannesson prófessor bar fyrir dómnum, að hin klassíska skilgreining á heitinu ecstasy sé lyf, sem venjulega sé skammstafað MDMA. Svo sem vitnisburður ber með sér og gögn málsins að öðru leyti, virðist svo sem því séu nánast engin takmörk sett, hvaða efni eða efnasambönd geti kallast ecstasy, en það virðist þá tilbúningur þeirra, sem framleiða og selja ólögleg efni.

Ekki er að finna í löggjöf um ávana- og fíkniefni lagaákvæði, sem skilgreina og fella efnin ketamín og efedrín sem ávana- og fíkniefni. Meðhöndlun þessara efna er ekki lýst refsiverð í löggjöf um ávana- og fíkniefni, og breytir engu, þótt efnin séu kölluð ecstasy og þau seld sem ólögleg ávana- og fíkniefni.

Nauðsynlegt var því, eins og hér stóð á, að ganga úr skugga um það hjá lögreglu, hvers konar efni ákærðu fluttu til landsins og seldu, því að meðhöndlun efnis undir heitinu ecstasy er hvergi lýst refsiverð. Hið sama gildir um E-pillu og/eða alsælu. Meðhöndlun tiltölulega fárra efna, sem kölluð eru eða ganga undir heitinu ecstasy á fíkniefnamarkaði, er lýst refsiverð hér á landi. Gangu verður úr skugga um það, að meðhöndlun viðkomandi efnis sé lýst refsiverð í lögum eða reglugerð um ávana- og fíkniefni, sbr. fylgiskjal I með reglugerð nr. 16/1986, sbr. og reglugerð nr. 177 frá 26. mars 1986, en þá var efninu MDMA bætt á listann yfir fíkniefni, sem bannað er að meðhöndla á íslensku yfirráðasvæði, en í athugasemdum með reglugerðinni nr. 177/1986 segir, að efnið MDMA hafi ekki fengið nafn, hvorki latneskt né annað.

Samkvæmt öllu því, sem nú hefur verið rakið, er það álit dómsins, að styðjast beri við framburð ákærðu fyrir dómnum og vitneskju þeirra um það, að þeim hafi verið ljóst, að efnið, sem þeir keyptu ytra, hafi ekki innihaldið MDMA, enda voru ákærðu ekki um þetta spurðir hjá lögreglu fyrr en eftir, að málið hafði verið sent ríkissaksóknara og í ljós hafði komið við rannsókn hjá Rannsóknastofu í lyfjafræði, hvers kyns efni voru á ferðinni, en skýrsla var tekin af ákærða G hjá lögreglu 1. mars 1996, og þá lýsir hann því enn, að hann hafi talið efnið vera ecstasy. Því er að mati dómsins ekki um neina breytingu á framburði þeirra að ræða að þessu leyti og engin rök til þess að hafna framburði ákærðu fyrir dómnum um vitneskju sína, enda í raun fyrst spurðir um hana þá. Því er ósannað, að ásetningur ákærðu hafi staðið til þess að flytja til landsins vímuefnið MDMA, eins og ákærðu er gefið að sök í ákeru, sbr. bókun ákærvaldsins um breytingu á þessum ákærulið.

Ákærðu keyptu og fluttu til landsins í hagnaðarskyni, neyttu og seldu efni, sem þeir töldu ólöglegt ávana- og fíkniefni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, eru efnin ketamín og efedrín eða blanda þeirra efna ekki talin til ávana- og fíkniefna og meðhöndlun þeirra ekki lýst refsiverð eftir þeim lagaákvæðum, sem vísað er til í ákæru.

Par eð ákærðu vissu, að efnið, sem þeir keyptu, innihélt ekki MDMA, hafa þeir ekki gerst sekir um tilraunaverknað og verður því ekki refsað á þeim forsendum. Breytir engu í þessu sambandi, þótt ákærðu hafi allan tímann talið sig vera að fremja afbrot. Verknaður þeirra er hvergi lýstur refsiverður hlutrænt séð og því ekki um að ræða refsheimild og refsigrundvöll. Ber því að sýkna ákærðu af þessum ákærulið.

II.

Ákærði neitar sök.

Ákærði K bar hjá lögreglu og fyrir dómi um ætlaðan hlut ákærða Kristjáns Jóhanns, og ákærði Tryggvi Knud bar hjá lögreglu um ætlaðan hlut ákærða Kristjáns Jóhanns, en breytti þeim framburði fyrir dóminum, svo sem rakið var, og bar, að ákærði Kristján Jóhann hefði einungis afhent sér tvær töflur.

Ákærðu Tryggvi Knud og K báru efnislega á sama veg um þátttöku Kristjáns Jóhanns í yfirheyrslum hjá lögreglu.

Dómurinn telur fráleitt að ætla, að ákærði Tryggvi Knud hafi breytt framburði sínum hjá lögreglu 26. október 1995, eins og hann gerði og rakið var, af öðrum ástæðum en þeim að greina satt og rétt frá, enda stóð hann við þann framburð sinn bæði í sampröfun með ákærða Kristjáni Jóhanni og í öðrum yfirheyrslum hjá lögreglu síðar og við þingfestingu málsins hér fyrir dómi. Framburður ákærða Tryggva Knuds hjá lögreglu 26. október 1995 er nákvæmur og ýtarlegur, og ekkert í gögnum málsins gefur tilefni til að ætla annað en framburðurinn hafi verið gefinn af fúsum og frjálsum vilja og samkvæmt bestu vitund. Dómurinn telur því ekki rök til að taka mark á hinum breytta framburði ákærða Tryggva Knuds og beri að miða við það, að framburður hans hjá lögreglu frá 26. október 1995 og fram að aðalmeðferð málsins sé réttur.

Ákærðu Tryggvi Knud og K hafa borið það að hafa keypt 500 töflur í London af ákærða Kristjáni Jóhanni, þar af helming af hvorri gerð, og að kaupverð hafi verið svo sem lýst er í þessum ákærulið. Þessir ákærðu báru fyrir dóminum, að ákæruliður III væri réttur að því leyti, að þeir hafi talið allt efnið innihalda MDMA. Samkvæmt þessu telur dómurinn sannað með framburði ákærða K hjá lögreglu og fyrir dómi og með framburði Tryggva Knuds hjá lögreglu og að hluta fyrir dómi, en gegn neitun ákærða Kristjáns

Jóhanns, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í þessum ákærulið greinir, þó þannig, að miða beri við 250 töflur af MDMA.

III.

Framburður ákærðu er nokkuð á reiki um vitneskju þeirra um innihald efnisins, er þeir keyptu í London í júní 1995. Ákærðu hafa þó báðir borið fyrir dóminum, að þessi ákæruliður sé réttur að því leyti, að þeir hafi talið allar töflurnar innihalda MDMA. Báðir ákærðu töldu meðhöndlun sína á efninu, sem í þessum ákærulið greinir, hafa verið refsiverða. Þeir keyptu ytra 500 töflur, 250 töflur af hvorri gerð. Samkvæmt því innihéldu 250 töflur efnin ketamín/efedrín, en svo sem rakið var í niðurstöðu I. kafla ákæru, varðar meðhöndlun þess efnis ekki við lög um ávana- og fíkniefni, og má vísa til þess, sem að framan er rakið þar um.

Ákærði K hefur borið, að ákærðu hafi vitað, að helmingur efnisins hafi innihaldið ketamín og að ákærði Kristján Jóhann hafi ólmur viljað selja ákærðu þessa tegund af ecstasy, sem væri ný.

Ákærði Tryggvi Knud hefur borið, að hann hafi heyrt af því, að efnið hafi innihaldið ketamín. Svo sem rakið var, breytti ákærði Tryggvi Knud framburði sínum fyrir dóminum, að því er virðist, til að halda ákærða Kristjáni Jóhanni frá málinu, en svo sem rakið er í II. kafla ákæru, er ákærði Kristján Jóhann einungis ákærður fyrir sölnu á þeim hluta efnisins, sem innihélt efnið MDMA, en ekki fyrir sölu þess hluta, er innihélt efnið ketamín og efedrín.

Dómurinn telur, að miða verði við framburð ákærða K um það, að hann og þar með ákærði Tryggvi Knud hafi vitað, að hluti efnanna hafi innihaldið ketamín, og beri því með sömu rökum og rakin voru í ákærulið I að sýkna báða ákærðu, að því er varðar meðhöndlun á 250 töflum, sem innihéldu efnin ketamín og efedrín. Að öðru leyti telur dómurinn sannað, að ákærðu hafi framið háttsemi, sem lýst er í þessum ákærulið, og svo sem rakið hefur verið, beri að miða við 250 töflur, er innihéldu efnið MDMA, og þar af hafi ákærða G verið seldar um 200 töflur.

Brot ákærðu eru í ákæru talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga, en svo sem rakið var, hafa ákærðu verið sýknaðir af tilraunaverknaði vegna meðhöndlunarinnar á efninu ketamíni/efedríni.

Í álitserð Rannsóknastofu í lyfjafræði frá 22. febrúar sl., sem Þorkell Jóhannesson prófessor staðfesti fyrir dóminum, er lýst hættueiginleikum efnisins MDMA.

Í kafla í álitserðinni, sem ber heitið Eitranir – dauðsföll af völdum MDMA, segir m. a.: „Fyrstu banvænu eitrun af völdum MDMA var lýst

1985 í alþýðlegu tímariti. Virðist hér hafa verið um að ræða dauðsfall vegna hjartabilunar í manni með hjartasjúkdóm (Dowling et al. 1987). Þessir höfundar lýstu því næst fimm dauðsföllum af völdum MDMA (þrjú) og MDEA (tvö). Þeir töldu, að tvö af þessum dauðsföllum mætti flokka undir hjartadauða í mönnum með hjartasjúkdóm. Eitt dauðsfall enn var vegna sleglatifs (fibrillatio ventriculorum) í hjarta, en hin tvö voru óljós. Suarez og Riemersma (1988) lýstu einnig einu bráðadauðsfalli af völdum MDMA vegna sleglatifs.

Venjulegir skammtar til inntöku af MDMA í vímuskygni eru á bilinu 100–150 mg. Athygli vekur, að í tveimur fyrrgreindra tilfella (hvort tveggja hjartadauði) var banvænn skammtur einungis 150 mg í öðru tilviki og 300 mg í hinu. Verður því að ætla, að þessir einstaklingar hafi í raun verið sérlega næmir fyrir amfetamínlíkri örvandi verkun MDMA á hjarta.“

Þá er í álitserðinni lýst hættu á hækkuðum líkamshita af völdum efna eins og MDMA og skyldra efna, og er í álitserðinni vísað til erlendra rannsóknna, þar sem segir, að enginn sjúklingur, sem hafi fengið 42 stiga hita af þessum sökum, hafi lifað af.

Lokakafli álitserðarinnar, sem ber heitið Umræða og ályktanir, er svohljóðandi: „MDMA og skyld efni eru greinilega tiltölulega ný hér á fíkniefnamarkaði. Efni þessi, sér í lagi MDMA sjálft, hafa mjög flókna verkun, sem annars vegar er amfetamínlik, en hins vegar lýsergíðlik. MDMA er greinilega hættulegri vímugjafi en bæði amfetamín og lýsergíð og sér í lagi, ef tekið er tillit til bráðra og banvænna eiturhrifa. Dauðsföll af völdum amfetamíns og einkum lýsergíðs hafa ætíð verið fáttíð, ef þessi efni eru notuð til vímu. Tiltölulega litlir skammtar af MDMA geta hins vegar valdið bráðadauða hjartveiks fólks og alvarlegum eitrunum eða dauða með hækkuðum líkamshita og fleiri sjúkdómseinkennum, ef venjulegra vímugefandi skammta er neytt við sérstakar aðstæður (í þröngum hópi og við mikla hreyfingu). Auk þess er vitað, að MDMA getur valdið síðkomnum eituráhrifum frá miðtaugakerfi líkt og amfetamín og lýsergíð.

Amfetamín er öflugur vímugjafi, sem nú er orðinn fastur í sessi hér á landi. Lýsergíð er hins vegar vímugjafi, sem notaður er í sveiflum og er í heild lítið notaður hér. Hvorugt þessara efna hefur valdið dauðsföllum hér, svo að vitað sé. Ef MDMA á eftir að breiðast út hér á landi, er viðbúið, að það leiði af sér fleiri bráð eitrunartilfelli en þekkist eftir amfetamín eða lýsergíð og mörg dauðsföll að auki. Við þetta bætist svo, að MDMA getur valdið langvarandi truflunum í starfsemi miðtaugakerfisins engu síður en amfetamín og lýsergíð, svo sem áður er nefnt.

MDMA er samkvæmt framansögðu einn vafasamasti, ef ekki langvafa-

samasti vímugjafi, sem skotið hefur upp kollinum á fíkniefnamarkaði hér á landi.“

Vitnið Þorkell Jóhannesson prófessor kvað töflur eins og þær, sem ákærðu höfðu undir höndum og við greiningu reyndust innihalda 114 mg af MDMA í formi klóríðs, gætu við sérstök skilyrði reynt neytendum lífs-
hættulegar og að efnið væri hættulegt heilbrigðum einstaklingum.

Svo sem álitsgerðin, sem rakin hefur verið, ber með sér og vitnisburður Þorkels Jóhannessonar prófessors og Jakobs Línalds Kristinssonar lyfjafræðings, er ljóst, að efnið MDMA er stórhættulegt fíkniefni. Þegar það er virt, hvort háttsemi ákærðu varði við 173. gr. a almennra hegningarlaga eða einvörðungu við lög nr. 65/1974, ber m. a. að hafa í huga hina miklu hættueiginleika efnisins. Í 173. gr. a almennra hegningarlaga segir, að hver, sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni láti mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendi þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt, skuli sæta fangelsi allt að tíu árum. Samkvæmt þessu ræður efnismagnið eitt ekki úrslitum um það, hvort brot varði við þetta lagaákvæði. Það að flytja til landsins og selja og/eða afhenda jafnhættulegt fíkniefni og MDMA, er að áliti dómsins sérstaklega saknæm háttsemi.

Háttsemi ákærðu G, Kristjáns Jóhanns, K og Tryggva Knuds þykir því samkvæmt ofanrituðu varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64/1974. 173. gr. a er svokallað eyðuákvæði, sem skírskotar um verknadarlýsingu til laganna um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, og reglugerðin nr. 177/1986, sem sett er með heimild í þeim lögum, leggur bann við meðhöndlun efnisins MDMA (3,4-methylenedioxyamfetaminum), svo sem rakið var. Þá ber að vísa til 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga vegna háttsemi ákærða Kristjáns Jóhanns, en gögn eru fram komin um það, að meðhöndlun efnisins MDMA er refsiverð á Englandi, þar sem þessi ákærði framdi brot sitt.

Enginn hinna ákærðu hefur áður gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina.

Ákærði Tryggvi Knud hlaut 13. febrúar sl. 40 daga varðhaldsdóm fyrir umferðarlagabrot, og ber því að dæma hegningarauka nú, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ekki er ástæða til að rekja frekar sakaferil ákærðu, þar sem hann hefur ekki sérstaka þýðingu fyrir mál þetta.

Eins og rakið var að framan, er ákærði B sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins.

Svo sem ráða má af dómaframkvæmd, eru hættueiginleikar fíkniefna eitt þeirra atriða, sem litið er til við ákvörðun refsingar fyrir brot gegn fíkn-

efnalöggjöfnni. Fíkniefnin í þessu máli eru sérstaklega hættuleg og geta reynst lífshættuleg, svo sem rakið hefur verið. Brot ákærðu eru lýst refsiverð í þeim kafla almennra hegningarlaga, sem fjallar um brot, er hafa í för með sér almannahættu, en efnin voru ætluð til sölu og seld að mestum hluta. Háttsemi ákærðu hafði því í för með sér mikla hættu fyrir þann fjölda ungmenna, sem keyptu efnin til neyslu. Svo sem fram kemur í álitserð Rannsóknastofu í lyfjafræði, er hætta á því, ef útbreiðsla MDMA heldur áfram hér á landi, að það kunni að hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar, svo sem dauðsföll. Heita má, að svo alvarlegar afleiðingar af neyslu efnisins MDMA og skyldra efna séu nú almennt þekktar eftir frásagnir fjölmiðla o. fl. af andláti ungs fólks af þessum sökum, t. d. á Bretlandi.

Dómurinn telur, að sagnæmi brota, þar sem MDMA kemur við sögu, þurfi að sjást greinilega í dómaframkvæmd.

Brot ákærðu eru stórfelld.

Að öllu ofanrituðu virtu telur dómurinn refsingu hvers hinna ákærðu G, K, Tryggva Knuds Óskarssonar og Kristjáns Jóhanns Stefánssonar fyrir sig hæfilega ákvarðaða fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga skal til frádráttar refsivist ákærða G koma fjögurra daga gæsluvarðhald hans, og til frádráttar refsivist ákærða K komi þriggja daga gæsluvarðhald hans.

Ekki er sannað, að ákærði Kristján Jóhann hafi með broti sínu aflað sér fjárvinnings eða að það hafi vakað fyrir honum. Hins vegar er sannað, svo sem rakið hefur verið, að ákærðu G, K og Tryggvi Knud frömdu brot sín í hagnaðarskyni, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976, og högnuðust þessir þrír ákærðu af brotum sínum. Dómurinn telur, að líta beri á andvirði hvernar ólögsmætrar sölu fíkniefna sem ólögsmætan ágóða og hugsanleg fjárútlát ákærðu við útvegum fíkniefna skipti ekki máli í þessu sambandi. Með þetta í huga og með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga skulu ákærðu G, K og Tryggvi Knud, hver um sig, greiða 300.000 kr. í sekt í ríkissjóð, og komi 45 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði G hefur samþykkt að sæta upptöku á 81.000 kr., sem aflað var með sölu efna, sem hann er sakfelldur fyrir. Vísað er til 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 vegna upptökupeninganna.

Upptökukrafa um 13 töflur af MDMA og 90 töflur af ketamíni/efedríni beinist ekki að neinum sérstökum hinna ákærðu. Ákærvaldið leiðrétti misritun í ákæru í niðurlagi hennar, þar sem upptökukrafanna er getið. Þar er vísað til efna, sem lagt hafi verið hald á, sbr. lið I B og II, en á að

vera I B og III, svo sem ráða má af samhenginu. Skylduupptökuákvæði eru í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 um upptöku á MDMA, og skal það efni upp-tækt með vísan til þeirrar lagagreinar, og hið sama á við um 1,4 g af hassi, sem ákærði B skal sæta upptöku á. Vegna 90 taflna af ketamíni/efedríni ber að vísa til 4. mgr. 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1995, og 2. mgr. 68. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

Ákærðu G, Kristján Jóhann, K og Tryggvi Knud greiði óskipt 150.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, en Egill Stephensen saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Málsvarnarlaun Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, verjanda ákærða B, 200.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði G greiði verjanda sínum, Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni, helming 200.000 króna málsvarnarlauna á móti helmingi, sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði K greiði helming 200.000 króna málsvarnarlauna verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, á móti helmingi, sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Tryggvi Knud greiði helming 200.000 króna málsvarnarlauna verjanda sínum, Ásgeiri Þór Árnasyni hæstaréttarlögmanni, á móti helm- ingi, sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Kristján Jóhann greiði verjanda sínum, Sigurbirni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, 220.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærðu G, K, Tryggvi Knud og Kristján Jóhann greiði óskipt 38.889 kr. vegna efnagreiningar. Kostnaður vegna efnagreiningar á ketamíni og efedríni, 44.019 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Annar sakarkostnaður hefur ekki fallið en að ofan greinir.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir gangi dómsmeðferðar málsins. Málið var þingfest 29. apríl sl. Aðalmeðferð hófst 13. maí. Þá reyndist ekki unnt að fá fyrir dóm þau vitni, sem óskað var eftir, m. a. sökum dvalar sumra erlendis. Málinu var af þeim sökum frestað ótiltekið. Hinn 5. júní kom fram krafa ríkissaksóknara um, að Pósti og síma yrði heimilað með úrskurði að láta lögreglu í té tilteknar upplýsingar úr farsíma ákærða Tryggva Knuds. Ekki náðist þá að úrskurða um kröfuna eða halda áfram aðalmeð- ferð málsins sökum löngu ákveðinnar utanfarar dómarans. Málinu var þá frestað, en málflytjendum afhent endurrit allra þinghaldra. Kveðinn var upp úrskurður 19. september sl., og var hann kærður til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm 23. s. m. Vitnayfirheyrslum var lokið 14. október sl., og ákærðu komu fyrir dóminn 17. s. m., en þá fór fram munnlegur málflytningur og málið dómtekið að honum loknum.

D ó m s o r ð:

Ákærði B er sýknaður af refsikröfu ákærvaldsins í málinu.

Ákærðu G, K, Tryggvi Knud Óskarsson og Kristján Jóhann Stefánsson sæti hver um sig fangelsi tvö ár og sex mánuði. Frá refsivist ákærða G komi fjögurra daga gæsluvarðhald, og frá refsivist ákærða K dragist þriggja daga gæsluvarðhald.

Ákærðu G, K og Tryggvi Knud greiði hver um sig 300.000 kr. í sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 45 daga fangelsi í sektar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði G sæti upptöku á 81.000 krónum.

Ákærði B sæti upptöku á 1,4 g af hassi.

Upptækar eru dæmdar 13 töflur af MDMA og 90 töflur af ketamíni/efedríni.

Ákærðu G, Kristján Jóhann, K og Tryggvi Knud greiði óskipt 150.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð.

Málsvagnarlaun Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, verjanda ákærða B, 200.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði G greiði verjanda sínum, Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni héraðsdómslögmanni, helming 200.000 króna málsvagnarlauna á móti helmingi, sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði K greiði verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, helming 200.000 króna málsvagnarlauna á móti helmingi, sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Tryggvi Knud greiði verjanda sínum, Ásgeiri Þór Árnasyni hæstaréttarlögmanni, helming 200.000 króna málsvagnarlauna á móti helmingi, sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Kristján Jóhann greiði verjanda sínum, Sigurbirni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, 220.000 kr. í réttargæslu- og málsvagnarlaun.

Ákærðu G, K, Tryggvi Knud og Kristján Jóhann greiði óskipt 38.889 kr. vegna efnagreiningar, en kostnaður vegna efnagreiningar á ketamíni og efedríni, 44.019 kr., greiðist úr ríkissjóði.
